

Fundargerð 458. fundar Framkvæmdanefndar búvörusamninga haldinn 14. desember 2022 kl. 13:00. Fjarfundur í Teams.

Þessir tóku þátt í fundinum:

Sigurður Eyþórsson, formaður nefndarinnar og sérfræðingur á skrifstofu landbúnaðar í matvælaráðuneytinu (MAR), Bryndís Eiríksdóttir, nefndarmaður og sérfræðingur á skrifstofu landbúnaðar í MAR, Gunnar Þorgeirssonar, nefndarmaður og formaður Bændasamtaka Íslands (BÍ), Unnsteinn Snorri Snorrason, nefndarmaður og aðstoðarframkvæmdastjóri BÍ, Hrefna Rós Matthíasdóttir nefndarmaður og sérfræðingur í fjármálaráðuneytinu og Herdís Magna Gunnarsdóttir, nefndarmaður og formaður deildar kúabænda innan BÍ. Kristín Sigfúsdóttir, starfsmaður nefndarinnar og stjórnarráðsfulltrúi hjá MAR, ritaði fundargerð. Fundinn sat einnig Vigdís Häsler, framkvæmdastjóri BÍ.

Þetta var gert:

1. Fundargerð lögð fram en hefur þegar verið samþykkt.
2. **Skýrslur.**

Lagðar voru fram tvær skýrslur:

 - a) Ráðstöfun fjármuna til framleiðslujafnvægis í nautgriparækt 2021
 - b) Ráðstöfun fjármuna til loftslagsverkefna garðyrkjunnar 2021
3. **Erindi frá Bændasamtökum Íslands**
 - a) Vegna stuðla gæðastýringar og ullar í sauðfjársamningi 2023
Lagt fram yfirlit um gildandi stuðla en ekki er gerð tillaga um neinar breytingar frá 2022 - Staðfest
 - b) Tillaga um ráðstöfun fjármuna til loftslagsverkefna garðyrkjunnar 2022
Lagt til að ráðstafa fjármununum (alls kr. 16.194.797) til þriggja verkefna. Þeim tilmælum er beint til BÍ að setja sér verklagsreglur um tillögugerðina - Staðfest
 - c) Tillaga um ráðstöfun fjármuna til framleiðslujafnvægis nautgriparæktar 2022
Lagt til að ráðstafa fjármununum (alls kr. 113.031.683) til fimm verkefna. Fjármunum til framleiðslujafnvægis hefur verið ráðstafað til þeirra allra áður. Þeim tilmælum er beint til BÍ að taka til skoðunar hvort ástæða sé til að afmarka sérstaklega fjármuni til NBÍ vegna dreifingar á holdanautasæði þar sem þar sem hún hefur verið sambærileg árlega frá 2019 – Staðfest.
 - d) Tillaga um ráðstöfun fjármuna til þróunarverkefna í garðyrkju 2022 (síðari úthlutun 2022)
Lagt til að mat fagráðs á umsóknum verði samþykkt. Í því felst að samþykkja styrki til 5 verkefna, samtals að upphæð kr. 9.953.240. Tveimur umsóknum er hafnað. Framkvæmdanefndin mun fara fram á við fagrád í garðyrkju, að framvegis fylgi tillögu ráðsins ítarlegri umsagnir um verkefnin. Eftirstöðvar í árslok 2022 eru kr. 4.720.535 sem bætast við þróunarfé garðyrkju 2023. Staðfest
 - e) Tillaga um tilfærslu fjármuna í sauðfjársamningi
Lagt til að málið verði ekki afgreitt á þessum fundi, þar sem málið er enn til skoðunar í matvælaráðuneytinu. Í erindinu fellst tillaga BÍ um að nýta heimild framkvæmdanefndar skv. 7. gr. reglugerðar 144/2022 um stuðning í sauðfjarrækt, til að færa fjármuni milli einstakra samningsliða. Nánar tiltekið að færa 20%

framlaga ársins 2023 til býlisstuðnings, ullarnýtingar og fjárfestingarstuðnings yfir á beingreiðslur ársins. Erindið er lagt fram þar sem BÍ eru ósátt við ákvæði gildandi sauðfjársamnings um að hluti fjármuna til beingreiðslna út á greiðslumark sauðfjár á árinu 2023 verði færður yfir á býlisstuðning, fjárfestingastuðning og ullarnýtingargreiðslur. Tillagan felur í sér að um helmingur tilfærslunnar verði fluttur til baka. Á 425. fundi þann 7. desember 2017 var tekið fyrir svipað erindi og niðurstaða þá að þetta væri ekki heimilt. Málið var rætt og samþykkt að funda um það að nýju, miðvikudaginn 21. desember kl. 13.00.

4. Önnur mál

Næsti reglubundni fundur er áætlaður 11. janúar 2023

Annað ekki tekið fyrir og fundi slitið um kl. 13:35.